

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu
101 Reykjavík



Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 25. september 2020

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Samtaka ferðapjónustunnar, Samorku, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtaka fjármálafyrirtækja um tillögu að breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla

Í samráðsgátt stjórnvalda liggja nú til umsagnar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu tillögur að breytingu á gildandi viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. Tekið er fram að núverandi viðmið séu frá árinu 2011 og þeim hafi ekki verið breytt frá þeim tíma. Þá er vísað til þess að tilefni breytinganna sé mótun menntastefnu til ársins 2030, en drög að þeirri stefnu voru kynnt í samráðsgáttinni síðastliðinn vetur. Þingsályktun um hana var á þingmálaskrá 2019 - 2020, en var felld út af henni s.l. vor m.a. vegna kórónuveirufaraldursins.

Samtök atvinnulífsins veittu umsögn um menntastefnuna í samráðsgáttinni og tóku þar sérstaklega undir áherslur á starfs-, iðn- og tækninám og áherslur sem tengjast fagháskólanámi, þrepaskiptingu náms og bættri stjórnsýslu starfsmenntunar. Í umsögninni var einnig lögð áhersla á læsi og að íslensk tunga verði ávallt að vera í forgrunni enda sé hún grundvöllur annarra framfara í námi og störfum og þar þurfi stórsókn án nokkurra málamiðlana.

Samtökin telja rétt að rífa þetta upp þar sem í kynningu málsins er eins og áður segir vísað til væntanlegrar menntastefnu og lögð áhersla á að ráðuneytið vilji beita sér fyrir „aukinni áherslu á íslensku á öðrum námssviðum og í samfélaginu almennt“.

Í framangreindum drögum að menntastefnu og þingsályktun er tekið fram að til að vinna stefnunni framgang verði unnin aðgerðaráætlun um einstaka þætti hennar og að reglulega verði gerð grein fyrir framgangi hennar.

Samtökin telja afar mikilvægt að fram komi ný viðmiðunarstundaskrá sem styður betur þær áskoranir sem við íslensku menntakerfi blasa og styrki nýja menntastefnu. Á sama tíma verður hún að auka líkur á að menntun íslenskra barna og ungmenna mæti þörfum atvinnulífsins til lengri tíma.

Samtökin leggja ríka áherslu á að samhliða þessum breytingum verði unnið að öðrum mikilvægum framfaramálum í tengslum við íslenskt menntakerfi. Í þessu samhengi má rifja upp áherslur í áðurnefndri umsögn um drög að menntastefnunni þ.e. að nauðsynlegt sé að endurskoða menntakerfið og kerfislæga þætti innan þess. Þætti sem m.a. lúta að lengd skólaársins og þar með sumarfría, styttingu grunnskólans, skólaskyldualdurinn og skilin á milli skólastiga.

Leita þarf allra leiða til að hægt sé að stunda markvisst þróunarstarf í grunnskólum s.s. með endurskoðun á kjarasamningum kennara. Þessi atriði eru, að mati samtakanna, forsenda þess að þau markmið sem fram koma í drögum að menntastefnu til ársins 2030 nái fram að ganga.

Framangreindir þættir koma þá einnig inn í þann samanburð sem vísað er til hjá nágrannaþjóðum okkar um tímafjölda í viðmiðunarstundaskrá, þ.e. að mikilvægt er að skoða einnig aðra áhrifavalda eins og lengd skólaársins o.s.frv.

Nokkur atriði sem samtökin vilja leggja sérstaka áherslu á miðað við fram komna tillögu:

Samtökin vilja ítreka mikilvægi þess að aukin áhersla sé lögð á að skólar landsins fylgi viðmiðunarstundaskrá og að þeim séu veittar þær bjargir sem nauðsynlegar eru til að það megi verða. Úrræðaleysi skóla og frekari breytingar á viðmiðunarstundaskrá mega ekki verða til þess að dregið sé úr mikilvægi verknáms og aukin áhersla lögð á bóknám.

Það má einnig velta því fyrir sér hvort að breytingar á mínútufjölda sé sá þáttur sem hefur mest vægi varðandi t.d. árangur í lestri. Það kann að vera jafnmikilvægt að skoða þær aðferðir sem notaðar eru í lestrarkennslu og auka gæðin hvað það varðar. Önnur atriði sem mikilvægt er að skoða er menntun kennara og aðstæður til raungreinakennslu. Þá eru ónefnd mikil tækifæri sem geta falist í aukinni samþættingu greina og breyttu skipulagi náms. Slík samþættingarvinna getur ekki síst átt við íslenskunám eins og aðrar greinar.

Það liggur fyrir að list og verkgreinar eiga undir högg að sækja. Sýn okkar er sú að ekki sé ráðlegt og geti beinlínis verð skaðlegt að þrengja enn frekar af þeim möguleikum sem nemendur hafa til valgreina og þá með áherslu á verk- og iðngreinar af öllu tagi. Því er mikilvægt að leita annarra leiða og tækifæra að markmiðinu, en horfa ekki eingöngu til viðmiðunarstundaskrárinnar einnar. Með minnkuðu svigrúmi í vali á unglíngastigi má gera ráð fyrir að þessar greinar veikist enn frekar. Sú staðreynd er alvarleg m.a. í ljósi þess að öflugt námsframboð á þessum sviðum ýtir undir að nemendur kynni sér og velji í framhaldinu iðn-, tækni-, og starfsnám. Þar er um að ræða greinar sem hafa átt undir högg að sækja í framhaldsskólum auk þess sem mikill skortur hefur verið í íslensku atvinnulífi á einstaklingum með þessa menntun.

Annað sem vert er að hafa í huga í þessu sambandi er að þær greinar sem hér um ræðir eru hvað best til þess fallnar að þjálf þá færni sem talin er vera sú mikilvægasta í fari framtíðarstarfsmannsins m.a. skapandi hugsun, lausnamiðuð nálgun, sveigjanleiki og samstarfshæfileikar.

Að lokum er mikilvægt að muna að þessar greinar þjóna mikilvægu hlutverki á efri stigum grunnskóla þegar kemur að því að tengjast áhugasviði ungmenna, skapa jákvæð viðhorf gagnvart skólanum og námi. Slíkt er heppilegast að tryggja með öflugum valáföngum á unglíngastigi.

Niðurstaða okkar er því sú að horfa beri til menntastefnunnar í heild sinni og væntrar aðgerðaáætlunar og meta þannig samhliða aðra þætti og tækifæri til breytinga áður en gerðar verði breytingar á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtakanna,

Ingi Björg Ösp Stefánsdóttir

Ingi Björg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins